




SINGER®

2273

Leiðarvísir

ÁRÍÐANDI ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Þegar þið notið raftæki ætti ávallt að hafa grundvallar öryggisráðstafanir í huga, m.a. eftirfarandi:

Lesið allan leiðarvísinn áður en þið byrjið að nota vélina.

HÆTTA

- Til að draga úr hættu á raflosti:

1. Skiljið vélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn eftir notkun.
2. Takið hana ávallt úr sambandi við rafmagn að notkun lokinni - sérstaklega þar sem börn eru.
3. Takið hana úr sambandi við rafmagn þegar þið skiptið um perur og setjið sömu gerð af peru í vélina

AÐVÖRUN

- Til að forðast áhættu af bruna, eldi, raflosti og meiðslum á fólki.

1. Notið vélina aldrei sem leikfang. Hafið augun ávallt hjá ykkur þegar börn eru nálægt vélinni.
2. Notið vélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í þessum leiðbeiningum. Notið aðeins fylgihluti sem mælt er með í leiðbeiningunum
3. Notið vélina aldrei ef rafleiðslur eru skemmdar, ef vélin vinnur ekki eins og hún á að gera, ef hún hefur dottið eða skemmst eða komist í samband við vatn. Komið vélinni þá til næsta SINGER umboðsaðila til yfirferðar og eða viðgerðar.
4. Notið vélina aldrei ef loftraufar hennar eru stíflaðar. Gætið þess að loftraufar vélarinnar og fótómótstöðunnar stíflist ekki af ló eða öðrum hlutum.
5. Haldið fingrum frá hreyfanlegum hlutum og gætið varúðar í kring um nálarsvæðið.
6. Notið eingöngu upprunalega hluti og fylgihluti í vélina.
7. Notið aldrei bognar saumavélanálar.
8. Togið ekki eða ýtið á efnið - látið vélina sjálfa sjá um flutninginn á efninu.

9. Slökkvið á vélinni þegar þið vinnið að viðhaldi á henni, skiptið um nál eða peru, þræðið vélina eða skiptið um saumfætur.
10. Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar þið losið um lok á vélinni, smyrjið hana o.s.frv.
11. Gætið þess að engir smáhlutir fari inn um loftraufar á vélinni eða fótómótstöðunni.
12. Notið vélina aldrei utandyra.
13. Notið vélina ekki þar sem mikill hiti er eða sólin skín beint á hana.
14. Þegar þið gangið frá vélinni stillið alla stilla á 0 og takið vélina síðan úr sambandi við rafmagn.
15. Takið vélina aldrei úrsambandi með því að toga í rafmagnsleiðsluna. Takið um klóna og takið hana úr vegg tenglinum.

16. Hljóðmagnið sem vélin gefur frá sér undir venjulegum kringumstæðum á að vera 75dB(A).
17. Slökkvið ávallt á vélinni og takið hana úr sambandi við rafmagn ef hún vinnur ekki eðlilega.
18. Setjið aldrei farg á fótómótstöðuna.
19. Ef rafleiðslan eða leiðslan frá fótómótstöðunni eru skemmdar verður að láta sérhæfða viðgerðarmenn gera við þær. Viðgerðarmenn SINGER þjónustunnar eru hæfir til þess.

GEYMIÐ LEIÐBEININGARNAR

Þessi saumavél er eingöngu ætluð til heimilisnota.

Til hamingju

með nýju Singer saumavélina, sem við vonum svo sannarlega að verði ykkur til ánægju í framtíðinni. Við erum sannfærð um að þegar þið byrjið að nota vélina munið þið komast að því að þið eruð að nota saumavél sem er mjög auðveld í notkun.

Við viljum samt biðja ykkur að byrja á því að lesa þessar leiðbeiningar áður en þið byrjið að nota vélina, og besta ráðið er að hafa vélina fyrir framan ykkur á meðan þið farið í gegn um þær blaðsíðu fyrir blaðsíðu.

Til að vera vissir um að þið séuð ávallt með nýjustu tækni, gerum við þann fyrirvara að við munum ef til vill breyta útliti og hönnun vélarinnar eða breyta fylgihlutum ef við teljum það vera nauðsynlegt. Það verður þó aðeins gert þannig að það verði notanda til góða.

SINGER er skrásett vörumerki í eigu The Singer Company Limited.
Allur réttur áskilinn.

□ Efnisyfirlit

Vélin sjálf

Hlutir vélarinnar	2/3
Vélin tengd við rafmagn	4
Tveggja þrepa fótlyftir	5
Fylgihlutir	6

Vélin þrædd

Spólað á spóluna	7
Spólan sett í vélina	8
Tvinnaspennan	9
Þræðing á yfirtvinna	10
Þræðari fyrir nál	11
Undirtvinna náð upp	12

Saumað

Saumar valdir	13
Sporbreidd og sporlengd	14
Beint spor	
Efnið tekið úr vélinni / tvinnarnir klipptir	15
Afturábak saumur	
Hnappagöt	16
Velja teygjanlega sauma	17
Blindfaldur	18


Almennar upplýsingar

Töluáfesting	20
Framlengingarborðið	21
Fóthaldan sett á	

Viðhald og vandamál	22
Tafla yfir Nálar/Efni/Tvinni	23
Ístoppsplata	24


□ Hlutir vélarinnar

1. Tvinnastilling
2. Þráðgjafi
3. Tvinnahnífur
4. Saumfótur
5. Stingplata
6. Framlengingarborð
7. Afturábak hnappur
8. Stoppari fyrir spólun
9. Stillir fyrir sporbreidd
10. Stillir fyrir sporlengd
11. Stillir fyrir mynstur
12. Armur fyrir hnappagöt
13. Þræðari fyrir nál



□ Hlutir vélarinnar

- 14. Láréttur keflispinni
- 15. Spindill á spólara
- 16. Gat fyrir aukalegan keflispinna
- 17. Handhjól
- 18. Aðalrofi
- 19. Tengill
- 20. Þræðing fyrir spólun
- 21. Efrivinnastýring
- 22. Lok
- 23. Handfang
- 24. Fótlyfta
- 25. Mótstaða
- 26. Rafmagnsleiðsla



□ Vélin tengd við rafmagn

Tengið vélina við rafmagn eins og myndin sýnir. (1).
Takið vélina úr sambandi við rafmagn ef hún er ekki í notkun.




ATH: Sýndir eru 4 mismunandi tenglar fyrir þessa vél fyrir mismunandi lönd.

Athugið:

Hafið samband við löggildan rafvirkja ef þið eigið í vand-
ræðum með að tengja vélina.
Takið vélina alltaf úr sambandi við rafmagn þegar hún er
ekki í notkun. Fótmótstaðan sem notuð er við þessa vél er
KD-2902 (220-240V area) og er framleidd af
ZHEJIANG FOUNDER MOTOR CORPORATION
LTD. (China) 4C-326G(230V area) framleidd af Wakaho
Electric Ind. Co., Ltd. (Vietnam)


Gangsetning

Kveikið á vélinni með því að ýta rofanum (A) á "I".



☐ Tveggja þrepa fótlyfta

Þegar þið saumið mörg lög af þykkum efnum er hægt að lyfta saumfætinum hærra (A).



□ Fylgihlutir

Venjulegir fylgihlutir (1)


- a. Alhliða saumfótur
- b. Rennilásafótur
- c. Hnappagatafótur
- d. Töluáfestifótur
- e. Sprettihnífur / bursti
- f. Jaðar og bútaumsstýring
- g. Nálar
- h. Skífa fyrir tvinnakefli
Spóur (3x)
- j. L-skrúfjárn
- k. Olía
- l. Ístoppsplata

Aukalega fáanlegir hlutir (2)


(Þessir 10 hlutir fylgja ekki með vélinni en hægt að fá þá hjá Singer umboðinu.)

- m. Aukalegur keflispinni
- n. Flatsaumsfótur
- o. Kastsaumsfótur
- p. Faldfótur
- q. Snúrufótur
- r. Blindsaumsfótur
- s. Ístopps / frihendis útsaumsfótur
- t. Rykkingarfótur
- u. Beinsaumsfótur
- v. Fótur fyrir efri flutning

1 Venjulegir fylgihlutir



2 Aukalega fáanlegir hlutir














□ Spólað á spóluna

- Setjið kefli og viðeigandi skífu fyrir framan keflispinnann (1/2)
- Smeygið tvinnanum í tvinnastýringuna. (3)
- Snúðið tvinnanum rangsælis í kring um spennuna fyrir spólun. (4)
- Þræðið spóluna eins og sýnt er á myndinni og setjið hana á spólarann. (5)
- Ýtið spólaranum til hægri. (6)
- Haldið lauslega í tvinnaendann (7)
- Stígið á fótmoststöðuna. (8)
- Klippið tvinnann. (9)
- Ýtið spólaranum til vinstri (10) og fjarlægjið spóluna.

Athugið:

Á meðan spólarinn er í spólunarstöðu er ekki hægt að sauma á vélina og ekki hægt að snúa vélinni með handhjólinu. (1/2)



□ Spólan sett í

- Fjarlægjið framlengingarborðið, og opnið síðan lokið yfir gríparanum.(1)

Togið í lokuna á spóluhúsinu (a) og fjarlægjið spóluhúsið.2


- Haldið á spóluhúsinu með annarri hendi og setjið spóluna í það þannig að tvinninn renni réttisælis eins og örin sýnir 3.
- Togið tvinnann í gegn um raufina á spóluhúsinu og undir fjöðrina. (4).

Látið tvinnaendann vera 15cm langan.

- Haldið á spóluhúsinu með því að halda um lokuna. (5)
- Setjið það í gríparann. (6)

Attention:

Slökkvið á vélinni ("O") áður en þið setjið spóluna í vélina



□ Tvinnaspennan

Yfirtvinnaspennan

Grunnstilling á yfirtvinnaspennunni er á: "4"

Til að auka spennuna stillið þið á hærri tölu - til að minnka hana stillið þið á lægri tölu.

A. Venjuleg spenna fyrir beint spor.

B. Tvinnaspennan of lítil fyrir beint spor. Stillið á hærri tölu.







C. Tvinnastilling of stíf fyrir beint spor. Stillið á lægri tölu.

D. Venjuleg stilling fyrir zik zak spor og skrautsauma. Rétt spenna er þegar lítill hluti af yfirtvinnanum kemur niður á rönguna.

Tvinnaspenna fyrir spólutvinna

Til að prófa spennuna á spólutvinnanum fjarlægið þið spóluhúsið og haldið á því með því að halda í tvinnaendann og láta það hanga. Rykkið aðeins í tvinnann einu sinni eða tvisvar, og þá ætti spóluhúsið að renna 3-4 cm niður eftir tvinnanum. Ef það hreyfist ekki, þá er tvinnaspennan of stíf, ef spóluhúsið rennur sjálft niður án þess að rykkt sé í tvinnann er spennan of laus. Stillið þetta með því að herða eða losa á skrúfunni á fjöðrinni. Athugið

- Rétt stilling er áriðandi til að ná góðum sauma árangri.
- Það er ekki til ein rétt stilling sem hentar fyrir alla sauma, efni, tvinna, nálar o.s.frv.
- Rétt sporstilling þar sem tvinnarnir mætast á milli efna eða í miðju efni, á aðeins við um beint spor.
- 90% af öllum saumum er með spennu á milli "3" og "5".
- Zik zak saumar og skrautsaumar eru yfirleitt saumaðir með lægri yfirtvinnaspennu en er notuð fyrir beint spor.
- Á skrautsaumum náði þið ávallt fallett sporum og minni rykkingu á þunnum efnum ef yfirtvinninn kemur aðeins niður á rönguna.





□ Yfirtvinninn þræddur

Þetta er auðveld aðgerð, en mjög áriðandi að hún sé rétt framkvæmd

- Byrjið á því að setja nálina í efstu stöðu (1), og haldið áfram að snúa handhjólinu fram á við þar til nálina rétt byrjar að fara niður á ný. Lyftið saumfætinum til að losa um spennuna á yfirtvinnaspennunni.

Til öryggis ráðleggjum við ykkur að slökkva á vélinni áður en hún er þrædd.

- Lyftið keflispinnanum upp. Setjið tvinnakefli á pinnann og látið tvinnann renna af því fram á við eins og myndin sýnir. Fyrir lítil kefli setjið þið litlu skifuna fyrir framan keflið. (2)
- Dragið tvinna af keflinu og smeygið honum í efri tvinnastýringuna (3) og síðan í forspennuna eins og sýnt er. (4)
- Þræðið síðan í tvinnaspennuna með því að fara niður eftir hægri raufinni og síðan upp eftir vinstri raufinni. (5) Um leið haldið þið aðeins við tvinnann á milli tvinnakeflisins og tvinnastýringarinnar.
- Efst í raufinni gætið þið að því að þræða tvinnann í raufina á þráðgjafanum frá hægri til vinstri og síðan niður raufina á ný. (6)
- Þræðið tvinnann nú fyrir aftan þræðilykkjuna fyrir ofan nálarhölduna (7) og síðan á nálina, sem þið þræðið framan frá og aftur.
- Togið 15-20cm af tvinna aftur undan nálarauganu. Klippið tvinnann í rétta lengd í tvinnahnífnum. (8)





□ Sjálfvirkur Þræðari fyrir nálina

- Lyftið nálinni í efstu stöðu.
 - Ýtið á arm (A) eins langt og hann kemst.
 - Þræðarinn sveiflast sjálfkrafa í þræðistöðu. (B)
 - Þræðið tvinnann um stýringuna. (C)
 - Leggið tvinnann síðan fyrir framan nálina neðan frá og upp í krókinn (D)´
 - Látið arminn (A) ganga rólega til baka.
- Togið tvinnalykkjuna í gegn um nálina.

Athugið:

Slökkvið á vélinni með því að færa rofann á ("O")!



☐ Undirtvinnanum náð upp




Haldið í yfirtvinnann með vinstri hendi. Snúið handhjólinu fram á við (1) þannig að nálin fer niður og kemur upp aftur.

Ath:

Ef erfitt er að ná undirtvinnanum upp, athugið þá hvort tvinninn hafi flækst í lokið yfir gríparann eða vinnuborðið.

Togið lauslega í yfirtvinnann til að ná undirtvinnanum upp í gegn um gatið á stingplötunni. (2)

Leggið báða tvinnana aftur undan saumfætinum. (3)



□ Hvernig á að velja mynsturssauma


Myndirnar hér á síðunni sýna þá sauma sem hægt er að velja í þessari vél.

Saumar í efri röðinni eru sýndir á mynsturvalskífunni með svörtum lit. Snúið valskífunni (d) til að velja viðkomandi saum.


Þið getið stillt sporlengdina með sporlengdarstillinum (c) og sporbreiddina með breiddarstilli (b) að eigin vild.

Saumar í neðri röð eru sýndir í bláum lit á valskífunni. Blái liturinn gefur til kynna að þessir saumar séu teygjanlegir saumar og frekari upplýsingar um þá eru á bls. 17.

Hægt er að snúa valskífunni í báðar áttir.



- a. Afturábak stillir
- b. Sporbreiddar stillir
- c. Sporlengdar stillir
- d. Mynsturvalskífa



□ Sporlengdar og sporbreiddar stillar

Sporbreiddar stillir

Hámarks breidd á zik zak spori er 5 mm; en hinsvegar er hægt að minnka breiddina á öllum saumum. Stillið breiddina með því að færa stillinn frá "0" - "5". (1)

Sporbreiddarstillirinn er einnig notaður til að staðsetja nálarstöðuna í saumfætinum þegar þið saumið beint spor. "0" staðan þýðir lengst til vinstri, "5" er lengst til hægri og á milli "2" og "3" er nálarstaða í miðju.



Notkun á sporlengdarstilli þegar saumað er zik zak

Þéttleikinn á zik zak sporum verður meiri eftir því sem þið stillið sporlengdarstillinn nær "0".

Falleg zik zak spor eru yfirleitt saumuð á sporlengd "2.5" eða neðar. (2) Þétt zik zak spor eru yfirleitt kölluð flatsaumur. (2)

Notkun á sporlengdarstilli þegar saumað er beint spor

Fyrir beina sauma stillið þið mynsturvalstillinn á beint spor. Snúið sporlengdarstillinum til að velja sporlengdina, og hún verður styttri eftir því sem þið nálgist "0" og verður lengri eftir því sem þið nálgist "4". Almennt sagt notið þið lengra spor á þykkari efni, með grófari tvinna og grófari nál. Notið styttra spor þegar þið saumið þynnri efni með finni tvinna og finni nál.




☐ Beint spor


Til að byrja að sauma, stillið þið vélina á beint spor. (1)

Setjið efnið undir saumfótinn þannig að það renni meðfram ákveðinni línu á stingplötunni.(2)


Lækkið fótlyftinn og stígið síðan á fót móttstöðuna til að byrja að sauma. (3)



1



2



3

☐ Afturábak saumur



Til að tryggja að saumurinn rakni ekki ýtið þið á afturábak stillinn (A) og saumið nokkur afturábak spor. Sleppið stillinum eftir nokkur spor og vélin saumar þá áfram. (1)

☐ Efnið fjarlægð

Snúið handhjólinu fram á við (rangsælis) til að setja þráðgjafann í efstu stöðu, lyftið saumfætinum og fjarlægið efnið undan saumfætinum. (2)

☐ Tvinninn klipptur

Togið efnið aftur undan saumfætinum. Leggið tvinnana í raufina á loki vélarinnar og í tvinnahnífinn (B). Togið tvinnana niður á við til að klippa þá. (3)



☐ **Velja teygjanlega sauma**

Teygjanlegu saumarnir eru sýndir með bláum lit á valskífunni. Snúið skífunni á þann saum sem þið ætlið að nota. Síðan snúið þið sporlengdarstillinum á merkið "S1". Þar er um nokkra sauma að ræða en hér eru tvö sýnishorn.

Beint teygjanlegt spor

Stillið mynsturvalskífuna á saum " ".

Notið þetta þrefalda teygjanlega spor á sauma sem mikið mæðir á.



Vélin saumar tvö spor áfram og eitt spor afturábak.

Ric Rac

Stillið mynsturvalskífuna á "  ".

Stillið sporbreiddina á milli "3" og "5".

Ric Rac Spor hentar fyrir þétt efni eins og gallabuxnaefni, corduroy, poplin o.fl.



□ Blindföldun

Fyrir falda á gárdínum, buxum, pílsum o.s.frv.

~~~~~ Blindfaldur fyrir teygjanleg efni.

..... Blindfaldur fyrir föst ofin efni

Stillið sporlengdina innan þess svæðis sem sýnt er á teikningunni hér til hliðar. Blindfaldar eru hins vegar yfirleitt saumaðir með löngum sporum.

Sporbreiddina stillið þið hins vegar eftir gerð og grófleika efnisins og innan þess svæðis em sýnt er á myndinni til hliðar. Mjórri spor er notað á fínri efni en breiðara spor á grófarri efni. Saumið ávallt prufusaum á afgangsefni fyrst..

### Blindfaldur:


Brjótið faldinn í hentuga breidd og straiðið hann. Brjótið hann eins og sýnt er á mynd 1 og það er rangan sem snýr að ykkur á myndinni. Látið brúnina standa ca. 7 mm út frá brotnu brúninni á efninu.

Byrjið að sauma hægt og þá á nálin rétt að stinga í þræðina á brotnu brúninni þegar hún stingur niður til vinstri. (2)

Stillið breiddina þannig að nálin fari ekki í gegn um brúnina.

### Ath:

Til að auðvelda blindföldun er best að nota blindföldunarfót, sem fæst hjá Singer umboðinu (sjá númer á fætinum á bls. 6)



## □ Hnappagöt

Það er í raun og veru aðvelt að sauma hnappagöt. Hinsvegar mælum við eindregið með því að þið saumið alltaf prufu-hnappagat á afgangsbút af sama efni og á að sauma þau á.


### Hnappagat saumað

1. Merkið fyrir hnappagatinu með fatakrít á efnið.
2. Setjið hnappagatafótinn á vélina og stillið valskífuna á "1".  
Stillið sporlengdina á "1" og stillið sporbreiddina á "5".  
Þið gætuð þurft að breyta sporbreiddinni eftir efni, tvinna o.fl. Saumið ávallt prufuhnappagat.
3. Lækið saumfótinn og látið byrjunina á hnappagatinu (a) vera á móts við merkið á hnappagatafætinum (b) (A). (Fremri heftingin saumast fyrst).
4. Opnið töluhölduna á fætinum og setjið töluna í hana. (B).
5. Lækið arminn fyrir hnappagatið og ýtið honum aftur. (C).
6. Haldið í tvinnann og byrjið að sauma en varlega.
7. Hnappagatið er svo saumað í þessari röð (D).
8. Stöðvið vélina þegar hún hefur lokið við hnappagatið.

### Hnappagöt á teygjanleg efni (E)

Þegar þið saumið hnappagöt á teygjanleg efni leggið þið þráð undir fótinn. Krækið honum í hakið aftan á fætinum og hnýtið endana saman framan á fætinum. Vélin saumar síðan yfir þræðina.

1. Merkið fyrir staðsetningu hnappagatsins á efnið með fatakrít, setjið hnappagatafótinn á vélina, snúið mynsturvalskífunni á hnappagatið "1" og sporlengdarstillinn á "1".
2. Krækið undirleggsþræðinum á hakið aftan á fætinum - togið þræðina fram á við og í raufina framan á fætinum þar sem þið hnýtið þá saman.
3. Lækið fótinn og byrjið að sauma.  
Sillið sporbreiddina þannig að vélin saumi yfir þráðinn.
4. Þegar saum er lokið losið þið undirleggsþráðinn varlega af fætinum, togið í hann til að taka af honum slaka og klippið.



## □ Töluáfesting


Setjið ístoppsplötuna á vélina (1), takið alhliða saumfótinn af og setjið töluáfestifótinn (2) á í staðinn. Stillið sporlengdina á "0".

Saumið nokkur bein spor til að festa tvinnnaendana - stillið sporbreiddina á "0".

Lyftið nálinni upp úr efninu. Stillið vélina á zik zak og breiddina á "3" - "5". Snúið handhjólinu með hendinni og athugið hvort nálin stingi ekki örugglega ofan í bæði götin á tölunni. Stillið breiddina eftir því sem með þarf í samræmi við fjarlægðina á milli gatanna á tölunni. Saumið töluna síðan á með ca. 10 sporum.

Lyftið nálinni upp úr efninu og stillið sporbreiddina á "0" til að sauma nokkur heftispor í lokin.

Ef þið þurfið að hafa fót undir tölunni, setjið þið nál eða eldspýtu á töluna og saumið. Fyrir tölur með 4 götum saumið þið fyrst í fremri tvö götin og færið svo töluna og saumið í seinni tvö götin.





## ☐ Aukaborðið sett á vélina

Ýtið aukaborðinu lárétt að vélinni eins og örin sýnir. (1)

Til að taka það af vélinni togið þið það til vinstri.

Hólfíð í aukaborðinu er hægt að nota sem geymslu fyrir fylgihlutina.

Opnið hólfíð eins og sýnt er á myndinni. (2)



## □ Fóthaldan sett á fótstöngina

Lyftið fótstönginni (a) með fótlyftinum og festið fóthölduna (b) á hana eins og myndin sýnir. (1)

### Saumfóturinn settur á

Lækkið fótstöngina (a) og látið raufina (c) á fóthöldunni vera beint fyrir ofan tittinn (d) á saumfætinum. (2) Saumfóturinn (f) festist sjálfkrafa við fóthölduna þegar þið setjið hana niður.

### Saumfóturinn fjarlægður





Lyftið saumfætinum með fótlyftunni. (3) Ýtið aðeins á arminn (e) og þá dettur saumfóturinn af höldunni.

### Jaðarstýringin

Rennið jaðarstýringunni (g) í gatið á fóthöldunni. (4)

#### Athugið:

Slökkvið á vélinni ("O") þegar þið vinnið við þetta.



## □ Nálar / Efni / Tvinni

### LEIÐBEININGAR UM VAL Á NÁL, TVINNA OG EFNI

| NÁLAR | EFNI                                                                                                                               | TVINNI                                                                           |
|-------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------|
| 70-80 | Punn baðmullarefni, silki, mússulín, interlock þrjón, þrjónuð baðmull, tricot, jersey, krep, ofin gerfiefni, skyrtu og blússuefni. | Finni gerð af baðmullartvinna, nylon, gerfitvinni eða baðmullarvafinn polyester. |
| 80-90 | Meðalpunn baðmullarefni, satin, punnur segldúkur, tvöfalt þrjón. þunnt þrjón.                                                      | Flestar gerðir af tvinna sem er í sölu hentar vel fyrir þessi efni og nálar.     |
| 90    | Meðalpunn baðmullar segldúkur, ullarefni, gróft þrjón, frotté efni, gallabuxnaefni.                                                | Notið polyester tvinna á gerfiefni og baðmullarvinna á náttúruleg efni.          |
| 100   | Grófur segldúkur, gróf ullarefni, tjalddúkur, vattstungin efni, denim, bólsturáklæði (punn til meðalþykk)                          | Notið ávallt sama tvinna sem yfirtvinna og undirtvinna.                          |
| 110   | Gróf og þykk ullarefni, frakka og kápuefni, bólsturefni, sumt leður og leðurlíki.                                                  | Grófur tvinni, jafnvel teppatvinni.                                              |

**ÁRÍÐANDI:** er að jafnvægi sé á milli efnis, tvinna og nálargrófleika.

### NÁLAR OG EFNI

| NÁLAR        | LÝSING                                                        | GERÐ AF EFNI                                                                                                                                                                  |
|--------------|---------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| SINGER® 2020 | Venjulegar oddhvassar nálar. Fáanlegar í grófleikum 70 - 110. | Náttúruleg ofin ullarefni, baðmull, silki o.s.frv. Henta ekki á þrjón eða jersey.                                                                                             |
| SINGER® 2045 | Nálar með afrúnnuðum oddi. Fáanlegar í grófleikum 70 - 110    | Náttúruleg og gerfi - ofin efni, polyester blönduð efni. K Þrjónuð-polyester, interlock, tricot, einfalt og tvöfalt þrjón. Einnig Lycra, sundfatnaðir, önnur teygjanleg efni. |
| SINGER® 2032 | Leðurnálar í grófleikum 80 - 110.                             | Leður, vinyl, bólsturáklæði. (Skilur eftir minni göt en venjuleg gróf nál.)                                                                                                   |

#### Ath :

- Notið ávallt gæðanálar til að ná sem bestum árangri t.d. SINGER nálar.
- Skiptið oft um nálar (t.d. við aðra hverja flík) og/eða við fyrsta tvinnaslit og þegar vélin hleypur yfir spor.


## □ Ístoppsplata

Fyrir ákveðna sauma (þ.e.a.s. ístopp eða fríhendis útsaum og jafnvel við töluáfestingar) verður að nota ístoppsplötuna.

Setjið plötuna á eins og myndin sýnir.

Fjarlægið plötuna fyrir venjulega sauma.

Fyrir fríhendis útsaum ráðleggjum við ykkur að nota ístopps / fríhendis útsaumsfót sem hægt er að fá sem aukahlut hjá SINGER umböðinu. (Sjá bls. 6 vegna númers á ístopps/ fríarms útsaumsfætinum.)



## □ Nálin sett í og skipt um nálar

Skiptið um nálar reglulega, sérstaklega ef þið takið eftir að þær séu slitnar og valda vandamálum. Notið eingöngu gæðanálar sem þið fáið hjá SINGER umboðinu.

Setjið nálin í eins og myndin sýnir.

- A. Losið um skrufuna sem heldur nálinni og herðið hana aftur eftir að ný nál hefur verið sett í hölduna. (1)
- B. Flati kanturinn á nálinni á að snúa frá ykkur. Setjið nálin eins hátt og hún kemst. (C/D).



### Athugið:

Slökkvið á aðalrofanum - setjið hann á "0" þegar þið eruð að skipta um nálar.

Nálarnar verða að vera í góðu lagi. (2)

Vandamál geta komið fram ef:

- A. Nálarnar eru bognar
- B. Oddurinn er skemmdur
- C. Nálin er oddlaus





## □ Skipt um peru

Takið vélina úr sambandi við rafmagn.

Setjið sömu gerð af peru og var í vélinni, 15 watta 220-240 V.

- Losið um sknúfu (A) eins og sýnt er. (1)
- Fjarlægið lokið (B).
- Skrúfið peruna úr vélinni og setjið nýja peru í vélina (C). (2)
- Setjið lokið á vélina og festið það með sknúfunni.

®



## □ Gangtruflanir og ráð við þeim

| Vandamál                           | Orsök                                                                                                                                                                                                                                                                                      | Lausn                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
|------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Yfirtvinninn slitnar               | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Vélin ekki rétt þrædd.</li> <li>2. Tvinnaspennan of stíf.</li> <li>3. Tvinninn of grófur fyrir nálin.</li> <li>4. Nálin er ekki rétt í vélinni.</li> <li>5. Tvinninn er vafinn í kring um keflispinnann.</li> <li>6. Nálin er skemmd.</li> </ol> | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Þræðið vélina á ný.</li> <li>2. Losið um yfirsþennuna. (stillið á lægri tölu)</li> <li>3. Veljið grófari nál.</li> <li>4. Fjarlægið og setjið nálin aftur í vélina. (flati kanturinn aftur)</li> <li>5. Fjarlægið keflið og vindið tvinnann á það.</li> <li>6. Skiptið um nál.</li> </ol> |
| Undirtvinninn slitnar              | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Spóluhúsið er ekki rétt sett í vélina.</li> <li>2. Spóluhúsið er ekki rétt þrætt.</li> <li>3. Neðri tvinnaspennan er of stíf.</li> </ol>                                                                                                         | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Fjarlægið spóluhúsið og setjið aftur í gríparann og togið í tvinnann. Tvinninn ætti að renna auðveldlega.</li> <li>2. Athugið bæði spóluna og spóluhúsið.</li> <li>3. Losið um tvinnaspennuna á spóluhúsinu.</li> </ol>                                                                   |
| Hleypur yfir spor                  | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Nálin er ekki rétt í vélinni.</li> <li>2. Nálin er skemmd</li> <li>3. Röng gerð eða grófleiki af nál er í vélinni.</li> <li>4. Saumfóturinn er ekki réttur á fóthöldunni.</li> </ol>                                                             | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Fjarlægið og setjið nálin aftur í vélina (flati kanturinn aftur)</li> <li>2. Setjið nýja nál í vélina.</li> <li>3. Veljið nál sem hentar efninu og tvinnanum.</li> <li>4. Athugið og leiðréttið.</li> </ol>                                                                               |
| Nálin brotnar                      | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Nálin er skemmd.</li> <li>2. Nálin er ekki rétt sett í vélina.</li> <li>3. Rangur nálargröfleiði fyrir efnið.</li> <li>4. Rangur saumfótur á vélinni.</li> </ol>                                                                                 | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Setjið nýja nál í vélina.</li> <li>2. Setjið nálin rétt í nálahölduna.</li> <li>3. Veljið nál sem hentar efninu og tvinnanum.</li> <li>4. Veljið réttan saumfót.</li> </ol>                                                                                                               |
| Laus spor                          | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Vélin er ekki rétt þrædd.</li> <li>2. Spóluhúsið er ekki rétt þrætt.</li> <li>3. Sambland nálar/efnis/tvinna er ekki rétt.</li> <li>4. Tvinnaspennan er ekki rétt.</li> </ol>                                                                    | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Yfirfarið þræðinguna.</li> <li>2. Þræðið spóluhúsið rétt eins og sýnt er í leiðbeiningunum.</li> <li>3. Nálagröfleiðinn verður að vera réttur fyrir efnið og tvinnann.</li> <li>4. Leiðréttið tvinnaspennuna.</li> </ol>                                                                  |
| Saumurinn rykkist eða dregst saman | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Nálin er of gróf fyrir efnið.</li> <li>2. Sporlengdin er ekki rétt stillt.</li> <li>3. Tvinnaspennan er of stíf.</li> </ol>                                                                                                                      | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Veljið finni nál.</li> <li>2. Stillið sporlengdina.</li> <li>3. Losið um tvinnaspennuna.</li> </ol>                                                                                                                                                                                       |
| Ójöfn spor, ójafn flutningur       | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Lélegur tvinni.</li> <li>2. Spóluhúsið er ekki rétt þrætt.</li> <li>3. Togað hefur verið í efnið.</li> </ol>                                                                                                                                     | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Notið aðeins hágæða tvinna.</li> <li>2. Fjarlægið spóluhúsið, þræðið það á ný og setjið rétt í vélina.</li> <li>3. Togið ekki í efnið, látið vélina flytja það.</li> </ol>                                                                                                                |
| Hávaði í vélinni                   | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Það þarf að smyrja vélina.</li> <li>2. Ló eða þornuð olía í gríparanum eða nálstönginni.</li> <li>3. Léleg gæði af olíu hefur verið notuð.</li> <li>4. Nálin er skemmd.</li> </ol>                                                               | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Smyrjið vélina með hágæða saumavélaolíu.</li> <li>2. Notið aðeins góða saumavélaolíu.</li> <li>4. Skiptið um nál.</li> </ol>                                                                                                                                                              |
| Vélin er föst                      | Tvinni er flæktur í gríparanum.                                                                                                                                                                                                                                                            | Fjarlægið yfirtvinnann og spóluhúsið, snúið handhjólinu fram og til baka til að losa um tvinnann.                                                                                                                                                                                                                                   |



Þegar þessu tæki verður fargað verður að gera það í samræmi við förgunarreglugerðir á rafmagnstækjum viðkomandi lands.

PFAFF hf  
Grensásvegi 13  
108 Reykjavík  
s. 414-0452  
[www.pfaff.is](http://www.pfaff.is)